



Seltjarnarnesi, 6. mars 2020

Ágætu foreldrar/forráðamenn nemenda við Grunnskóla Seltjarnarness

Boðuð verkföll félagsmanna Sameykis og Eflingar hefjast mánudaginn 9. mars ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Komi til verkfalla munu þau hafa mikil áhrif á starfsemi Grunnskóla Seltjarnarness, þar sem mikill fjöldi starfsfólks er í þessum félögum. Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi:

- Kennt verður samkvæmt stundaskrá mánudaginn 9. mars, en í kjölfarið má búast má við skertum skóladögum í öllum árgöngum. Nánar verður greint frá því af hálfu skólans nk. mánudag.
- Mötuneyti skólans verður lokað og nemendur þurfa því að koma með tvöfalt nesti í skólann. Minnt er á að senda nemendur ekki með hnetur eða hnetutengdan mat í nesti. Gjöld vegna mataráskriftar verða ekki innheimt fyrir þá daga sem börn fá ekki notið þjónustu, auk þess sem gjöld fyrir aprílmánuð verða ekki send til innheimtu fyrr en að verkfalli loknu. Þeir dagar sem búið er að innheimta fyrir marsmánuð verða dregnir frá næsta greiðslumánuði, ef til verkfalls kemur.
- Stuðningur við einstaka nemendur fellur niður og gæti það leitt til skertrar skólagöngu í einhverjum tilvikum.
- Símsvörun verður afar takmörkuð og eru foreldrar/forráðamenn því hvattir til að tilkynna um veikindi nemenda í gegnum Mentor og hafa samband vegna annarra erinda með tölvupósti.
- Þrif á skólahúsnæði falla niður og því er ljóst að meta verður hversu marga daga skólahald getur haldið áfram.
- Skjól og Frístund verða lokað.
- Félagsmiðstöðin Selið verður lokað.
- Sundkennsla fellur niður þá daga sem Sundlaug Seltjarnarness verður lokað.

Það skal sérstaklega tekið fram að samræmd próf í 9. bekk verða haldin skv. áætlun.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með fréttum í fjölmiðlum og á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, um hvort komi til verkfalla og á meðan þau standa ef til kemur.

Vonandi ná samningsaðilar samkomulagi þannig að ekki komi til skerðingar á þjónustu við Grunnskóla Seltjarnarness.

Virðingarfyllt

Baldur Pálsson,
Sviðsstjóri
Fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar